



Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29.apríl 2016
Tilvísun: 201604-0018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (tryggingagjald, samsköttun milli skattþrepa o.fl.), 667.mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (tryggingagjald, samsköttun milli skattþrepa o.fl.), 667.mál.

Líkt og m.a. fram kom í bókun Alþýðusambands Íslands með skýrslu starfshóps um framtíðarskipan fæðingarorlofsmála frá því mars sl. skilyrðir ASÍ samþykki sitt fyrir lækkun tryggingagjalds við að sú lækkun komi ekki niður á hlutdeild Fæðingarorlofssjóðs af tryggingagjaldi. Samkvæmt úrreikningum sambandsins rúmast tillögur starfshópsins innan þess tryggingagjalds sem Fæðingarorlofssjóður fékk á árunum 2012-2013, þ.e. 1,28% en framlagið var á árinu 2014 lækkað um nærri helming. Með þessu hafa stjórnvöld raskað mikilvægu jafnvægi iðgjalda til Fæðingarorlofssjóðs sem brýnt er að leiðrétta þannig unnt sé að gera nauðsynlegar umbætur í fæðingarorlofsmálum.

Alþýðusambandið tekur undir efni 3. og 5. gr. frumvarpsins varðandi afnám heimildar til samsköttunar hjóna milli skattþrepa en sambandið hefur áður gagnrýnt þá ívilnun sem í þessu felst gagnvart hátekjufólki.

Virðingarfyllt,

Henný Hinz
Hagfræðingur ASÍ